

**Sp. 83. Tillaga til þingsályktunar**

um þátttöku í alþjóða-hafrannsóknnum.

Frá sjávarútvegsnefnd Nd.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita upptöku fyrir Ísland í alþjóða-hafrannsóknaráðið.

**G r e i n a r g e r ð .**

Tillaga þessi er flutt samkv. tilmælum ríkisstjórnar, og fylgdu henni eftirfarandi athugasemdir:

Ísland mun vera, af helztu fiskveiðalöndum Evrópu, eina landið, sem ekki er meðlimur alþjóða-hafrannsóknanna (Conseil Permanent International pour l'Exploration de la Mer). Þegar stofnað var til félagsskapar þessa, laust eftir aldamótin síðustu, voru Íslendingar ekki komnir á hekk öndvegisþjóða í fiskveiðum, eins og þeir eru nú. Þá var landið einnig hluti danska ríkisins. Síðan hefir viðhorfið breytzt við það, að vér höfum endurheimt sjálfstæðið og erum orðnir einhver mesta fiskveiðaþjóðin í Evrópu. Þetta út af fyrir sig gerir það æskilegt, að Ísland verði þátttakandi

í alþjóða-hafrannsóknunum, en auk þess er margt annað, sem einnig mælir með því, eins og nú skal bent á.

**Kostnaður og aðrar kvaðir.** Gjald það, sem Ísland þyrfti að greiða árlega, ef það væri meðlimur alþjóða-hafrannsóknanna, er 10000 -- tíu þúsund -- danskar krónur. Auk þess yrði að senda mann á fund hafrannsóknaráðsins (í Kaupmannahöfn), sem er einu sinni á ári. Kostnað við það mun ríflegt að áætla um 2000 kr., og er þá gert ráð fyrir prentun eða fjölritun skilríkja, sem Ísland kynni að vilja leggja fram, sem og óvissum útgjöldum, auk ferðakostnaðar. Allur kostnaður við það að vera meðlimur alþjóða-hafrannsóknanna yrði því um 12000 kr. á ári. Þátttakan er skuldbindingandi í 5 ár, en um aðrar skuldbindingar er ekki að ræða. Hver meðlimur er t. d. sjálf-ráður um sínar rannsóknir.

**Hlunnindi.** Á móti þeim kostnaði myndi landið fá þau hlunnindi, sem því fylgja, að vera meðlimur þessa félagsskapar:

a) Íslenzkir visindamenn, sem að hafrannsóknnum vinna, ættu frjálsan aðgang að timaritum rannsóknanna (t. d. Journal du Conseil og Rapports et Proces Verbeaux) með þær ritgerðir, sem þangað ættu erindi, landinu að kostnaðarlausu.

b) Ísland fengi sömu áhrif á stefnu alþjóða-hafrannsóknna eins og sérhvert annað land, sem er meðlimur (t. d. England, Frakkland, Þýzkaland). Það er auðsætt, hvaða þýðingu það gæti haft fyrir Íslendinga, að hafa formlega samvinnu um aðkallandi rannsóknir við nágrannaþjóðirnar, ekki sízt þegar þess er gætt, að viðfangsefni eru hér mörg, sem biða úrlausnar, og smæð okkar og ástæður gera það æskilegt að njóta aðstoðar og samvinnu stærri þjóða.

c) Alþjóða-hafrannsóknirnar yrðu vettvangur fyrir ýms erindi og áhugamál, sem kynni að bera nauðsyn til að koma á framfæri, og mætti þar sem dæmi nefna friðun hrygningar- og uppvaxtarsvæða nytjafiska, sbr. Faxaflóa. Sú þætta aðstaða, sem þannig fengist til þess að vinna að slíkum áhugamálum, yrði trauðla metin til fjár.

d) Allur sá kostnaður, sem kynni að verða vegna þátttöku Íslands í sérfræðingafundum, höldnum að tilhlutun þessa félagsskapar, yrði greiddur af fé alþjóða-hafrannsóknanna. Undanskilinn er kostnaðurinn við að sækja hinn árlega fund hafrannsóknaráðsins, sem getið er að framan.

e) Íslendingar myndu fá öll rit alþjóða-hafrannsóknanna, og gætu því betur fylgzt með öllu markverðu, sem gerist á sviði hafrannsóknna um allan heim.

**Nauðsyn.** Á fundinum um friðun nytjafiska í London í marz síðastl. og á fundi hafrannsóknaráðsins í Kaupmannahöfn í júlí þ. á. urðu fulltrúar ríkisstjórnarinnar, sem falið var að mæta á þessum fundum, þeir Sveinn Björnsson, sendiherra, og Árni Friðriksson, fiskifræðingur, þess mjög varir, hve óheppilegt var, að Ísland skyldi ekki vera meðlimur alþjóða-hafrannsóknanna. Sátu fulltrúarnir báða þessa fundi að-allega til þess að vinna að friðun Faxaflóa. Þótt þeir nytu hins mesta skilnings, bæði í London og í Kaupmannahöfn, voru þeir þó þar aðeins sem gestir, og höfðu sem slíkir ekki sömu réttindi og aðrir fulltrúar, ef út í það hefði verið farið.

Hér skulu því næst, til yfirlits, talin þau lönd, sem nú eru meðlimir alþjóða-hafrannsóknanna, og sýndur afli þeirra og verðmæti hans fyrir árið 1934.

Land	Aflamagn (1000 smál.)	Verðmæti (millj. shillings)
Stóra-Bretland .....	957,9	298,4
Noregur .....	796,6	55,4
Þýzkaland .....	391,2	78,3
Frakkland .....	284,1	141,8
Portúgal* .....	137,0	34,3
Holland .....	136,5	32,4
Svíþjóð .....	98,7	24,7
Danmörk .....	86,6	30,6
Finnland .....	25,7	5,7
Belgía .....	28,5	13,5

Land:	Aflamagn (1000 smál.)	Verðmæti (millj. shillings)
Lettland*	14,0	2,5
Pólland*	14,0	3,1
Írland	7,8	2,9
Spánn	?	?

Þetta sama ár veiddu Íslendingar 312,2 þús. smál. fyrir 13,4 millj. shillings. (Allt reiknað í gull-shillings). Íslendingar eru því 4. mesta fiskveiðipjóðin í Evrópu, miðað við aflamagn, en nr. 10 í röðinni miðað við verðmæti aflans. Þessar tölur eru þó ekki einasti mælikvarði á þá þýðingu, sem fiskveiðarnar hafa fyrir þjóðirnar. Fiskveiðarnar hafa margfalt meiri þýðingu fyrir oss Íslendinga en fyrir nokkra aðra þjóð í álfunni, en það sést best á því, að Íslendingar veiða um 3 smálestir árlega að meðaltali á hvert einasta mannsbarn á landinu, en Norðmenn, sem koma næstir, aðeins 300—400 kg. Bretar veiða t. d. um 20—30 kg., en Frakkar og Þjóðverjar aðeins 5—6 kg. Lægstir eru Pólverjar, með nokkur hundruð grömm á mann, en þó eru þeir í alþjóða-hafrannsóknunum og greiða sitt tillag.

**Ísland er tilbúið til þátttöku í alþjóða-hafrannsóknunum.**

Undanfarin ár hefir sú fjárupphæð stöðugt farið vaxandi, sem varið hefir verið til hafrannsókna hér á landi. Síðan 1935 hafa dýrir rannsóknarleiðangrar verið gerðir út árlega, og væntanlega verður því haldið áfram, Með stofnun hinnar nýju atvinnudeildar við háskólann, sem nú er tekin til starfa, ættu hafrannsóknir vorar að vera komnar á fastan grundvöll. Sá skerfur, sem lagður er nú árlega af mörkum til þekkingar á nytjafiskastofnunum hér við land, er þegar orðinn það stór, að engin þjóð myndi gera frekari kröfur til afkasta frá vorri hendi. Hér eru nú gerðar alveg samskonar rannsóknir og þær, sem framkvæmdar eru undir merkjum alþjóða-hafrannsóknanna annarsstaðar, svo þess vegna gætu Íslendingar verið meðlimir þeirra. Eins og nú standa sakir, kemur það starf, sem Ísland innir af hendi í þágu fiskirannsóknna, ekki greinilega fram út á við. Ennfremur sýnir reynslan, að vér getum þurft að leita aðstoðar alþjóða-hafrannsóknanna án þess að nokkuð komi í staðinn frá okkur og án þess að eiga nokkuð tilkall til þeirra.

Ætla má, að það yrði auðsótt að verða meðlimur alþjóða-hafrannsóknanna. Það má telja vist, að Ísland fengi upptöku í alþjóða-hafrannsóknaráðið, ef þess væri farið á leit.

Þá skal, í sambandi við undanfarandi greinargerð, skýrt nokkuð frá þeim afskiptum, sem alþjóða-hafrannsóknaráðið hefir þegar haft af tillögu Íslendinga um friðun Faxaflóa, og vísast um það efni til útdráttar, er hér fer á eftir, úr skýrslu Sveins Björnssonar, sendiherra, og Árna Friðrikssonar, fiskifræðings, um fund alþjóða-hafrannsóknaráðsins, sem þeir sátu í Kaupmannahöfn 5.—10. júlí þ. á.:

„Samkvæmt fyrirlagi ríkisstjórnarinnar sóttum við undirritaðir, Sveinn Björnsson, sendiherra, og Árni Friðriksson, fiskifræðingur, fund þann, er alþjóða-hafrannsóknaráðið hélt hér í Kaupmannahöfn daganna 5.—10. þ. m.

Fundinn sátu fulltrúar frá 13 löndum, þeim er þátttakendur eru í hafrannsóknaráðinu (Þýskalaland, Belgía, Danmörk, Finnland, Frakkland, Stóra-Bretland, Írland, Lettland, Noregur, Holland, Pólland, Portúgal, Svíþjóð; frá Spáni, sem er 14. landið, kom enginn fulltrúi). Auk þess sátu fundinn sem gestir, auk okkar, fulltrúar frá Bandaríkjunum í N.-Ameríku, Canada og Danzig. Höfðum við málfrelsi á fundunum, sem við notuðum okkur báðir. Árni Friðriksson hélt sérstakt erindi um rannsóknir sínar árin 1936—1937.

Aðaláhugamál okkar var málið um friðun Faxaflóa, sem Lundúnafundurinn í marz (um möskvastærð fisknetja og minnsta mál á fiski) hafði samþykkt að fela hafrannsóknaráðinu til athugunar og undirbúningsrannsókna. Skyldi það mál tekið fyrir á þessum fundi.

\*) Þýðir, að tölurnar eru frá 1933.

Var málið reifað þannig, að á fyrsta almenna fundinum lagði forseti ráðsins það fyrir með tilvísun til samþykktarinnar á Lundúnafundinum.

Eftir að forseti ráðsins hafði reifað málið, var það falið einni aðalnefndanna, sem nefnist „The Consultative Committee“. Forseti hennar er Norðmaður, prófessor Johan Hjort. Á fundi þeirrar nefndar samdægurs var málið um friðun Faxaflóa, eftir tillögu forseta, falið nefnd, sem nefnist „North Western Area Committee“. Formaður hennar er Daninn Dr. Tåning, sem sýnt hefir áður talsverðan áhuga fyrir máli þessu.

Á fundi þeirrar nefndar daginn eftir, 6. þ. m., reifaði dr. Tåning málið, sagði sögu þess og benti á þær rannsóknir, sem þegar hefðu verið gerðar. Sveinn Björnsson bætti þar við nokkrum orðum og lét í ljós þá ósk, að rannsóknunum og undirbúningi málsins yrði flýtt eftir föngum, án þess þó að sleppa niður nokkru því, sem nauðsynlegt væri talið.

Að loknum umræðum var sett sérstök undirnefnd í málið (Faxa-bay committee). Var hún skipuð þessum mönnum: Dr. Tåning (Danmörk) formaður, Árni Friðriksson (Ísland), Mr. Davis, Mr. Graham (England), dr. le Danois (Frakkland), prófessor Hagmeier (Þýskalanda), dr. Tesch (Holland), prófessor Johan Hjort (Noregur), dr. Clark (Skotland).

Eftir að þessi undirnefnd hafði rætt málið ýtarlega, voru samþykktar tillögur þær (samdar af Árna Friðrikssyni og dr. Tåning), sem felast í prentaðri fundarskýrslu North Western Area Committee (II. Sub-Committee on the Faxa-bay question og III. „Recommendations“ 2. liður), sjá fundarskýrsluna bls. 3 (öflun upplýsinga um veiði ýmsra þjóða í Faxaflóa og framhaldsrannsóknir varðandi fiskveiðarnar í Faxaflóa). Eftir að forsætisráð fundarins og The Consultative Committee höfðu fallið á tillögurnar, þ. á m. á fjárveitingu þá, sem leiðir af II. 2. lið (fiskirannsóknir í Faxaflóa í október 1937 og febrúar 1938), voru tillögurnar og fjárveitingin samþykkt einróma á almennum fundi 10. þ. m.

Samkvæmt ósk formanns Faxaflóanefndarinnar lofuðum við honum aðstoð okkar við framkvæmd málsins. Má gera ráð fyrir því, að talsverð vinna leggist á Árna Friðriksson í sambandi við mál þetta. En kostur ætti það að vera, að framkvæmdirnar verða mjög í höndum formanns nefndarinnar, dr. Tånings, og Árna Friðrikssonar.

Skildist okkur yfirleitt, að málinu væri vel tekið og talsverður áhugi fyrir því á þessum vettvangi.

Faxaflóa-nefndin er nú þegar tekin til starfa, og hefir hún byrjað á því að senda öllum þeim löndum, sem ætla má, að áhuga hafi á veiðum í Faxaflóa, spurningar viðvíkjandi öllu því, er ætla má, að einstök lönd geti gefið upplýsingar um. Spurningarnar eru sendar gegnum skrifstofu hafrannsóknaráðsins, einnig til Íslands. Annars leggur nefndin kapp á að vinna úr öllum þeim gögnum, sem til eru og snerta flóann, og er það ósk hennar, að „Þór“ haldi áfram rannsóknum í flóanum undir stjórn Árna Friðrikssonar í október þ. á. og febrúar n. á. Nefndin mun svo halda fund á komanda vetri og ræða árangur þann, sem fengið hefir, og frekari aðgerðir.“

Hefir ríkisstjórnin að sjálfsögðu hlutast til um, að innt verði af hendi þau störf, sem Íslendingum voru falin, samkvæmt samþykkt hafrannsóknaráðsins.

Þess skal að lokum getið, að stjórn Fiskifélags Íslands hefir gert samþykkt þess efnis, að ríkisstjórnin hlutist til um, að Ísland yrði þátttakandi í alþjóða-hafrannsóknunum, og að utanríkismálanefnd hefir lagt það til, að Ísland gerðist aðili að þeim.